

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa
03 101

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa
kt. 670269-4779
Rauðárstíg 25, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 4 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Ráðuneytið tekur þátt í alþjóðastarfi, til hagsbóta fyrir íslenskan almenning og atvinnulíf. Það gætir hagsmuna íslenskra ríkisborgara, fyrirtækja og neytenda með því að tryggja aðgang að alþjóða mörkuðum og efla fríverslun. Það styður við íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl erlendis og kynnir menningu og listir um víða veröld. Utanríkisráðuneytið sinnir pólitískum samskiptum Íslands við erlend ríki og innan alþjóðastofnana er varðar allt frá mannréttindum til öryggismála. Í lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39, 16. apríl 1971 segir að utanríkisþjónustan fari með utanríkismál og gæti í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum og skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir stjórnsmál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 2.060,8 milljónir og afkoma kr. 8,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 58,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 377,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu utanríkisráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning utanríkisráðuneytis fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Gísli Þór Magnússon
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.954.646.066	1.625.500.000
Seld þjónusta	3	15.579.505	12.473.646
Framlög og ýmsar tekjur	4	74.602.849	84.778.187
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	15.963.320	14.829.795
Tekjur samtals		2.060.791.740	1.737.581.628
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.326.527.189	1.194.979.751
Framlög og tilfærslur		9.417.341	0
Annar rekstrarkostnaður	6	699.500.348	512.022.338
Afskriftir	7	15.963.320	14.829.795
Gjöld samtals		2.051.408.198	1.721.831.884
Afkoma fyrir fjármagnsliði		9.383.542	15.749.744
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	6
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(617.830)	(336.343)
		(617.830)	(336.337)
Afkoma ársins		8.765.712	15.413.407
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	18.015.973	9.213.407
Rekstrartilfærslur		(9.250.261)	6.200.000
		8.765.712	15.413.407

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>2.167.634</u>	<u>3.251.448</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		47.343.800	46.604.628
Aðrar eignir		<u>84.459</u>	<u>0</u>
		<u>47.428.259</u>	<u>46.604.628</u>
Fastafjármunir samtals		<u>49.595.893</u>	<u>49.856.076</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		172.669	313.782
Tengdir aðilar	10	299.883.777	264.583.875
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		13.696.587	5.327.313
Handbært fé	11	<u>13.674.938</u>	<u>6.203.342</u>
Veltufjármunir samtals		<u>327.427.971</u>	<u>276.428.312</u>
Eignir samtals		<u>377.023.864</u>	<u>326.284.388</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		<u>58.136.160</u>	<u>49.370.448</u>
Eigið fé samtals		<u>58.136.160</u>	<u>49.370.448</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	1.508.217	2.909.998
Viðskiptaskuldir		32.409.184	36.955.259
Ýmsar skammtímaskuldir	13	227.890.302	182.605.362
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	<u>57.080.001</u>	<u>54.443.321</u>
Skuldir samtals		<u>318.887.704</u>	<u>276.913.940</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>377.023.864</u>	<u>326.284.388</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		8.765.712	15.413.407
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	15.963.320	14.829.795
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(15.963.320)	(14.829.795)
Söluhagnaður		0	92.399
		<u>8.765.712</u>	<u>15.505.806</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(8.228.161)	(43.092)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		40.738.865	6.619.092
		<u>32.510.704</u>	<u>6.576.000</u>
		<u>41.276.416</u>	<u>22.081.806</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(15.703.137)	(20.946.927)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	7.441.773
		<u>(15.703.137)</u>	<u>(13.505.154)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(36.701.683)	(20.532.390)
Fjárfestingarframlag		18.600.000	18.000.000
		<u>(18.101.683)</u>	<u>(2.532.390)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		7.471.596	6.044.262
		<u>6.203.342</u>	<u>159.080</u>
		<u>13.674.938</u>	<u>6.203.342</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af veitingasölu.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.954.646.066	1.643.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(18.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	1.954.646.066	1.625.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	15.963.320	14.829.795
	<u>1.970.609.386</u>	<u>1.640.329.795</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.660.400.000	2.700.000	0	1.663.100.000
Fjáraukalög	1.700.000	0	0	1.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	292.378.986	(12.532.920)	0	279.846.066
Millifært af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar	0	10.000.000	0	10.000.000
Fjárveiting til tekna	1.954.478.986	167.080	0	1.954.646.066
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ..	(1.936.463.013)	(9.417.341)	0	(1.945.880.354)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	18.015.973	(9.250.261)	0	8.765.712

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	0	661.200
Veitingaþjónusta	15.579.505	11.812.446
	<u>15.579.505</u>	<u>12.473.646</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	74.602.849	83.624.748
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	193.759
Ýmsar tekjur	0	959.680
	<u>74.602.849</u>	<u>84.778.187</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.043.954.046	949.623.283
Orlof, breyting	38.319.855	11.291.959
Launatengd gjöld	236.309.842	219.602.742
Starfsmannakostnaður	7.943.446	14.461.767
	<u>1.326.527.189</u>	<u>1.194.979.751</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	94,1	87,2

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	4.378.627	5.852.663
Byggingarvörur, almennar	214.686	686.809
Byggingarvörur, aðrar	3.533	33.387
Tæki og búnaður til innréttinga	277.672	1.980.376
Ýmis tæki og áhöld	6.704.015	7.460.879
Varahlutir og viðhaldsvörur	146.250	27.901
Orkugjafar	12.490.381	13.384.868
Matvæli	25.356.454	23.267.339
Almennar rekstrarvörur	3.381.984	3.075.191
Vörukaup, almenn	52.953.602	55.769.413
Kennslu- og föndurvörur	112.880	45.123
Ýmsar sérgreindar vörur	3.581.214	1.555.002
Vörukaup, sérgreind	3.694.094	1.600.125
Fundir, námskeið, risna	66.735.141	24.361.419
Ferðir, uppihald	106.067.234	86.601.060
Akstur	10.559.924	12.921.891
Sérfræðiþjónusta	151.949.528	109.488.143
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	11.472.447	306.088
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	7.393.889	6.337.427
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	17.749.378	16.966.753
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	371.927.541	256.982.781
Samningsbundin kaup og leiga	6.000.000	0
Afnotagjöld	47.856.863	42.629.821
Leigugjöld	140.536.028	95.259.456
Notkun véla og flutningatækja	490.043	537.450
Verkkaup	36.547.796	42.397.764
Kostnaðarhlutdeild	38.922.552	15.984.812
Áhættutap og bætur	(53.800)	180.000
Tryggingar, lögboðnar	170.330	214.937
Opinber gjöld	422.799	408.279
Tilfærslur	32.500	57.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	270.925.111	197.670.019
Annar rekstrarkostnaður samtals	699.500.348	512.022.338
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	14.870.122	13.332.548
Farartæki og vélar	0	413.433
Aðrar eignir	9.384	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	1.083.814	1.083.814
	15.963.320	14.829.795

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	2.167.634	3.251.448
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2019		5.419.076
		<u>5.419.076</u>
Niðurfært 1.1.2019		2.167.628
Niðurfærsla ársins		1.083.814
		<u>3.251.442</u>
Staða 31.12.2019		<u>2.167.634</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	47.343.800	46.604.628
Aðrar eignir	84.459	0
	<u>47.428.259</u>	<u>46.604.628</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	96.701.711	0	96.701.711
Viðbætur á árinu	15.609.294	93.843	15.703.137
	<u>112.311.005</u>	<u>93.843</u>	<u>112.404.848</u>
Afskriftir 1.1.2019	50.097.083	0	50.097.083
Afskrift ársins	14.870.122	9.384	14.879.506
	<u>64.967.205</u>	<u>9.384</u>	<u>64.976.589</u>
Staða 31.12.2019	<u>47.343.800</u>	<u>84.459</u>	<u>47.428.259</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
--	------------	------------

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	296.405.707	108.219.934
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	3.478.070	130.400
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	156.233.541
	<u>299.883.777</u>	<u>264.583.875</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.508.217	2.909.998
	<u>1.508.217</u>	<u>2.909.998</u>

11 Handbært fé

Tékkareikningar	13.674.938	6.203.342
	<u>13.674.938</u>	<u>6.203.342</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 42 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	49.370.448	33.957.041
Afkoma ársins	8.765.712	15.413.407
Jöfnuður 31.12.	<u>58.136.160</u>	<u>49.370.448</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof	220.812.394	182.492.539
Ógreidd laun	6.121.976	0
Önnur ógreidd gjöld	955.932	112.823
	<u>227.890.302</u>	<u>182.605.362</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	49.595.893	49.856.076
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	7.484.108	4.587.245
	<u>57.080.001</u>	<u>54.443.321</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	49.856.076	4.587.245	54.443.321
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	18.600.000	18.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	15.703.137	(15.703.137)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(15.963.320)	0	(15.963.320)
	<u>49.595.893</u>	<u>7.484.108</u>	<u>57.080.001</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 13,4 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2022 og ótímabundna þjónustusamninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 96,4 milljónum og vegna þjónustusamninga 16,9 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.